




Populism and
Civic Engagement



This project has received funding from the European Union's Horizon 2020 research and innovation programme under grant agreement No 822337


PaCE Lýðræðis-vinnustofa á Íslandi

30. janúar 2021



Traust á opinberri stjórnsýslu á tímum heimsfaraldurs Covid-19

Markmið þessarar samantektar er að kynna niðurstöður íslensku PaCE Lýðræðis-vinnustofunnar: "*Traust á opinberri stjórnsýslu á tímum heimsfaraldurs Covid-19*". Vinnustofan var skipulögð af Reykjavíkurborg, Rannsóknarþjónustu sem er samstarfsaðili PaCE verkefnisins og var þetta sú fyrsta í röð sex lýðræðis-vinnustofa sem skipulagðar voru bæði í nærumhverfi og á vefnum. Þátttakendur voru tuttugu og sjö talsins.



PaCE

1. Samantekt


1.1. Helstu niðurstöður

Almennt undirstrika niðurstöðurnar traust þátttakenda á þeim ráðstöfunum sem stjórnvöld hafa gripið til vegna Covid-19. Þó voru margar af aðgerðum stjórnvalda álitnar ögrandi og þátttakendur bentu á mikilvægi þess að hafa trausta og óflokksbundna aðila í ákvarðanatökum um viðbrögð. Nokkrir þátttakendur undirstrikuðu að ýmsar hömlur eru á aðgengi minnihlutahópa að *skiljanlegum* og *gagnlegum* upplýsingum, og að skortur sé á gagnsæi í framsetningu aðgerða og samhæfingu á milli mismunandi deilda stjórnsýslunnar og yfirvalda. Til dæmis, þá greindu þátttakendur ekki alltaf skýran mun á því hvort einstakar ráðstafanir beindust að félagslegum, efnahagslegum, heilsufarslegum eða öðrum hversdagsþáttum lífsins. Í þessu samhengi kemur fram ákveðin pólun: hvort ráðstafanir og aðgerðir sem ráðist er í beinast að vernd íbúanna og að halda landinu lokuðu fyrir fólki sem kemur utan frá, eða hvort þær beinast að vernd hagkerfisins og opnun landsins, t.d., fyrir ferðapjónustu.

Á íslensku PaCE lýðræðis-vinnustofunni komu fram áhugaverðar yfirlýsingar frá þátttakendum tuttugu og sjö. Þær hafa verið greindar á eiginlegan hátt með þemaaðferðinni og þeim skipað í tvo þætti: annarsvegar útfrá viðhorfum sem í yfirlýsingunum birtast og, hinsvegar, útfrá álitum um afleiðingar þess sem yfirlýsingarnar vísa til. Þar að auki var flokkað úr efninu það sem teljast *tilmæli* til stefnumótenda og yfirvalda um úrbætur til undirbúnings fyrir framtíðina.

Samantekt úr niðurstöðum lýðræðisvinnustofunnar á Íslandi

- Almennt traust þátttakenda var á þeim ráðstöfnum sem stjórnvöld gripu til vegna Covid-19 faraldursins og sérstaklega tilgreint traust til ráðherranna og heilbrigðisyfirvalda.
- Óánægja fólst meðal annars í skorti á skýrum, aðgengilegum og sérsníðnum upplýsingum, með tilliti til fjölbreytileika athafna- og einkalífs í landinu og með þekkingu á aðstæðum og þörfum ýmissa minnihluta- og jaðarhópa í huga.



PaCE


- Skortur var á samhæfingu skilaboða milli yfirvalda, sérfræðinga og stofnanna sem var sérstaklega áberandi í því hvernig aðgerðum var framfylgt með ólíkri nálgun.
- Skortur var á eftirliti og eftirfylgni við mat á áhrifum aðgerða á efnahag og atvinnuleysi, heilsu/geðheilsu og vellíðan (t.d. sálfræðileg vandamál, heimilisofbeldi, o.fl.).
- Það vantaði upp á að greina og meta áhrif faraldursins á einmanaleika, félagslega einangrun og mannréttindi í íslensku samfélagi.

Þátttakendur í lýðræðis-vinnustofunni voru sammála um að:

- Tungumálhindranir séu mikil áskorun fyrir menningarlega, efnahagslega og félagslega aðlögun fólks á Íslandi og var lítið á það sem brýnt fyrir lýðheilsu almennt, að fréttum þurfi að miðla á áhrifaríkan hátt til allra samfélagshópa í landinu, þ.m.t., heyrnarlausra, lesblindra o.fl. Niðurstaðan var sú að mati þátttakenda að staðan í þessum efnum væri langt frá því að vera nógu góð.
- Þörf sé á betri upplýsingamiðlun frá réttarverndaraðilum ríkisins eins og Umboðsmanni Alþingis, því ýmsir samfélagshópar eru ekki endilega sér vitandi um brot á réttindum sínum, eða hvort hjálp sé í boði fyrir þá, sérstaklega ef um er að ræða alþjóðlega starfsmenn eða námsmenn.

Þess má geta, að niðurstöðurnar leiddu í ljós nokkurn áhuga þátttakenda á *fyrirbyggjandi ráðstöfunum* sem ætti að setja í forgang í stefnumótun og áætlanagerð stjórnvalda. Þar á meðal voru nefndar fræðsluáætlanir fyrir almenning, uppbygging á aðgengilegri og betri heilbrigðisþjónustu, vellíðunar- og velferðaráætlanir og markviss stuðningur við heilbrigðan lífsstíl.


Einnig kom í ljós sú skoðun að það þurfi að taka upp betra eftirlit með afleiddum áhrifum á þá hópa fólks í landinu sem frekar eru útsettir fyrir því að lenda í vanda í sínu einkalífi, sbr. fréttir af auknu heimilisofbeldi, félagslegri einangrun, sjálfsvígum og fjárhagslegu/efnahagslegu hruni.




1.2. Tilmæli

Hér er listi yfir helstu tilmæli til stefnumótenda og yfirvalda sem fram komu í greiningu á umræðum þátttakenda íslensku PaCE lýðræðis-vinnustofunnar. Tilmælin eru mótuð út frá því sem þátttakendur hafa bent á að yfirvöld geri ekki nægilega vel, eins og til dæmis að gera upplýsingar nógu sýnilegar, skiljanlegar og aðgengilegar fyrir minnihlutahópa. Eftirfarandi er samantekt á þessum tilmælum:

1. *Aðgengi að viðeigandi upplýsingum og útskýringum á ráðstöfunum* er einn af vanköntunum sem þátttakendur lögðu áherslu á að gætu haft mikil áhrif á traust til yfirvalda, sérstaklega þegar kemur að minnihlutahópum eins og innflytjendum, erlendu verkafólki, fötluðum og fólki sem ekki er íslenskumælandi. Mæltu þau með **samræmdri upplýsinga- og samskiptastefnu**. Í henni fælist sú krafa til yfirvalda að dreifing á upplýsingum um framkvæmd ráðstafana sé betur hugsuð og þá sérstaklega hvað varðar að tengja upplýsingar og setja í samhengi við mismunandi samfélagshópa og þætti hversdagslífsins: félagslegra, efnahagslegra, menningarlegra, heilsufarslegra og persónulegra. Samskiptastefnan myndi þannig tryggja betri nálgun við ólíka hópa í samfélaginu og jafna aðgang að gagnlegum upplýsingum fyrir alla. Samtímis er nauðsynlegt að skerpa á samhæfingu með myndun **tengslanets fulltrúa yfirvalda og fulltrúa minnihlutahópa** svo að ráðstafanir endurspegli skýrar fjölbreytileika þeirra þarfa sem mismunandi hópar hafa.
2. Þátttakendur greindu frá því hvernig heimsfaraldurinn og aðgerðir yfirvalda vegna faraldursins hafa haft áhrif á *félagslega þætti í lífi þess er varða efnabag og menningarþáttöku (socio-economic, socio-cultural) sem og heilbrigði og einkalíf*. Tilmælin hér eru að skýra mætti mun betur að hverju einstaka aðgerðir beinast og hvaða áhrifa má vænta af þeim á mismunandi þætti í lífi fólks: stöðu fagfólks, heilsu, fjölskyldu, félagslegrar og menningalegrar þáttöku og svo framvegis. Hér þurfa yfirvöld líka að fylgja víðtækari og betur mótaðri stefnu og áætlun um **gerð og dreifingu upplýsinga til mismunandi geira samfélagsins** svo að fólk geti betur fylgst með, metið áhrifin á eigið líf og brugðist betur við þeim áhrifum.



3. *Fjölmiðlar gegna mikilvægu blutverki við dreifingu upplýsinga á Íslandi. Þó gagnrýndu sumir þátttakendur í lýðræðis-vinnustofunni að það skorti á gagnsæi, hvaða skoðunum sé verið að koma á framfæri og hvaðan þær koma.* Þátttakendur mæltu með nokkrum fyrirbyggjandi leiðum til að tryggja meiri skerpu.
 - a. Að mannaður sé opin vettvangur í nærumhverfi (á neti) ólíkra hópa þar sem einstaklingunum líður vel og geta auðveldlega áttað sig.
 - b. Að tiltækar séu skýrar upplýsingar um það hvar nákvæmlega sé hægt að koma spurningum á framfæri og fá nánari útskýringar á reglugerðum, ráðstöfunum og aðgerðum í framkvæmd.
 - c. Að hannaður sé (og mannaður) opin vettvangur til að tjá skoðanir og þar sem hægt er að taka fyrir deilur milli einstaklinga og ýmissa hópa, finna úrlausnir og aðferðir til að nálgast þær.
4. Þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til vegna faraldursins hafa einnig með óbeinum hætti áhrif á einkalíf, fjölskyldu- og félagslíf fólks. Lengri samverutími í einangrun eykur hættu á ýmsum neikvæðum þáttum samveru, til dæmis heimilisofbeldi. Vegna þess hversu miklu viðameiri þessi áhættuþáttur er á krísutímum, þarf stefna stjórnvalda að taka sérstakt tillit til hans með áætlun um betra eftirlit og öruggar leiðir til að tilkynna atvik. Einnig þarf ráðstafanir sem geta **unnið gegn neikvæðum sálrænum og andlegum áhrifum** aukinnar samveru/einangrunar. Þátttakendur mæltu hér með fjármögnun á stuðningshópum til að aðstoða fólk með ólíkar þarfir og að kallað sé eftir **sérfræðiþekkingu í fjölskyldusálfræði, krísu stjórnun, áhættu aðstæðum, og stuðningi við viðnámsprótt og viðbragðsleiðir einstaklinganna (resilience/coping mechanisms).**
5. Covid-19 faraldurinn hefur sýnt fram á að fólk er almennt ekki undirbúið til að takast á við krísuástand. Það reynir á að aðlaga viðnámspróttinn og viðbragðsleiðir til að höndla félagslegt og persónulegt líf undir þannig kringumstæðum. Hins vegar hefur sagan sýnt fram á það ítrekað að krísuástand getur 'bankað á dyrnar' hvenær sem er. Þess vegna er **mikilvægt að gert sé ráð fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum** með betri undirbúningi almennings til að takast á við áskoranir krísuástands. Þátttakendur lögðu fram tilmæli til stuðnings *opinberra fræðsluáætlana, í formi almennrar menntastefnu í framkvæmd bæði í skólum og á vinnustöðum.* Samfélag sem



PaCE


vill byggja upp viðnámsþrótt verður að vera tilbúið að fjárfesta í *lýðheilsu, heilbrigðum lífsstíl, sem og félags- og velferðaráætlunum* sem virka á krísutímum.

6. Þátttakendur töldu að allar aðstæður í kringum Covid-19 hafi haft *skaðleg áhrif á mannréttindi*, sérstaklega réttindi minnihlutahópa. Í þessu samhengi töldu þau að mikilvægt væri að útbúa menntaáætlanir til að efla þekkingu fólks á þeim **stofnunum og ráðum sem vernda réttindi** þeirra, t.d. fag- og verkalyðsfélög, Umboðsmaður Alþingis og aðrir réttargæsluáðilar.
7. Aðgerðir yfirvalda gegn útbreiðslu faraldursins hafa bitnað illa á *vinnumarkaðinum*, í starfsgreinum þar sem mesta skerðingin kemur niður á hópum innflytjenda og erlendu (árstíðabundnu) vinnuafla á íslenskum vinnumarkaði. Áhrifin eru skýrust í *ferðaþjónustunni þar sem meiribluti fólks sem tilheyrir minnihlutahópum missti vinnu sína*. Umræðan um þessi mál í vinnustofunni varpaði ljósi á skort á stuðningsaðgerðum yfirvalda og gagnsæjum skýrum upplýsingum um það hvert fólk geti leitað með spurningar sínar og vandamál. Sem dæmi, er ekki öllum ljóst hvernig sækja á um fjárhagsaðstoð eða þá hver eru réttindi þeirra sem eru sjálfstætt starfandi. Ein tilmælin voru að yfirvöld myndu fela verkalyðsfélögum það verkefni að miðla upplýsingum um fyrirbyggjandi aðgerðir hvað varðar krísuástand eins og Covid-19 og tryggja að þeim sé komið á framfæri á móðurmáli erlendra starfsmanna og fjölskyldna þeirra.

Frekari upplýsingar gefur

Dr. Roxana Elena Cziker, rannsóknaverkefnastýra PaCE verkefnisins

roxana.elena.cziker@reykjavik.is



PaCE

Þakkir

Skipulagning og framkvæmd íslensku PaCE lýðræðis-vinnustofunnar hefði ekki verið möguleg án fjárframlags *PaCE - Populism and Civic Engagement* verkefnisins sem styrkt er af Horizon 2020 áætlun ESB (Grant nr. 822337).

Við þökkum þeim tuttugu og sjö einstaklingum sem tóku þátt með því að leggja til þekkingu og reynslu, hugmyndir, innsýn og innblástur í þessa rannsókn á popúlisma, og fyrir að taka þátt í opnum, frjóum og uppbyggilegum skoðanaskiptum um lýðræði og traust á stjórnsýslunni og stjórnámálum á Íslandi á tímum heimsfaraldurs Covid-19.


Við þökkum rausnarlegan og faglegan stuðning frá Sophie Kiesouw, verkefnisstjóra PaCE í Hollandi og Aleksandra Zietek, tengilið okkar í Kraká, Póllandi. Þær báðar störfuðu fyrir hönd *Democratic Society* í Brussel við að skipuleggja íslensku lýðræðis-vinnustofuna með Reykjavíkurborg.

Við þökkum skilvirkan stuðning Kára Gunnarssonar, forsvarsmann teymisins á Íslandi sem lagði sitt af mörkum með skipulagningu og framkvæmd vinnustofunnar og vali á þátttakendum. Við þökkum sömuleiðis meðlimum teymisins, Sigurborgu Kr. Hannesdóttur, Finni Þ. Gunnþórssyni og Dr. Magnúsi Yngva Jósefssyni frá Íslandi og Sophie Kiesouw frá Hollandi sem, á skapandi og fagmannlegan hátt, lögðu sitt af mörkum við að framkvæma vefútgáfu lýðræðis-vinnustofunnar.

Við þökkum Róberti Bjarnasyni, framkvæmdastjóra Citizens Foundation á Íslandi fyrir hönnun og þróun á Betri Reykjavík vefumræðupalli, til að styðja við umræður þátttakenda í lýðræðis-vinnustofunni.

Ennfremur erum við þakklát fyrir alla hjálp frá einstaklingum og samtökum á Íslandi sem og annars staðar sem studdu okkur í undirbúningi og í að ná til þátttakenda. Sérstaklega viljum við þakka:

- Afríka 20:20 – félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara
- Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um fangelsismál og betrun
- Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði
- Landssamband eldri borgara



PaCE

- Nemendafélag Háskólans á Bifröst
- Félagið Ísland-Palestína
- Tékkneska á Íslandi (TÉKÍS)
- FIA - Filipino-Icelandic Association
- Hola – Félag spænskumælandi á Íslandi
- Iceland News Polska
- KUMPÁNI, félag félagsvísinda- og sálfræðinema við HA
- Öryrkjabandalag Íslands – Sjálfsbjörg
- Projekt Polska
- Samtökin '78
- SONI - Society of New Icelanders
- Thailensk-Íslenska Félagið
- DACIA-félag Rúmena á Íslandi
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Og, öllum öðrum sem hjálpuðu til.